

Orkustofnun
Kristján Geirsson
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars, 2024
UST202402-086/R.K.
10.05.00

Efni: Ósk um umsögn- Rio Tinto um nýtingarleyfi grunnvatns við Straumsvík

Vísað er til beiðni Orkustofnunar er barst 6. febrúar sl. um umsögn vegnar nýtingarleyfis Rio Tinto á grunnvatni við Straumsvík. Rio Tinto sækir um nýtingarleyfi fyrir töku grunnvatns til allt að 30 ára á eigin landi sunnan Reykjanesbrautar (landnúmer: L193713). Sótt er um nýtingu á 450 L/s að meðaltali á ári með hámarksnýtingu á hverjum tíma allt að 700 L/s. Aðalsamningur vegna nýtingu grunnvatns mun falla úr gildi á árinu 2024. Vatnstakan hjá ISAL er úr 7 borholum og úr grunnvatnshlotinu Straumsvíkurstraumur (104-265-G). Núverandi vatnstaka er í kringum 408 L/s.

Vatnamál

Umhverfisstofnun vekur athygli á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Í 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir: „Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.“

Við útgáfu nýtingarleyfis þarf að gæta að þessari stefnumörkun vatnaáætlunar. Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið í vatnaáætlun náist ekki skal, ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlots. Viðkomandi leyfisveitandi skal þá endurskoða útgefið leyfi, þegar við á, í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð.

Samkvæmt vatnavefsja stjórnar vatnamála er fyrirhugað nýtingarleyfi tengt grunnvatnshlotinu Straumsvíkurstraumur með vatnshlotanúmerið 104-265-G. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að vera með góða magnstöðu og vera í góðu efnafreðilegu ástandi. Umhverfismarkmið eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega (sjá vatnaáætlun og vatnavefsja vatnamála). Á

vatnshlotið er skráð staðbundið álag vegna iðnaðar en áhrif þess óþekkt. Mikilvægt er að meta samlegðaráhrif með vatnstöku sem skapast á svæðinu með tilkomu fleiri fyrirtækja. Gera þarf mat á því hvort framkvæmdin sé líkleg til þess að valda því að vatnshlot innan áhrifasvæðisins nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau. Ef fyrirséð er að magnstaða viðkomandi grunnvatnshlota muni versna við nýtingu grunnvatnsins þarf að fara í viðeigandi mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir hnignun ástands. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þarf framkvæmdaraðili að sækja um heimild stofnunarinnar til breytingar vatnshlots ef ekki er hægt að tryggja góða magnstöðu grunnvatnshlotsins.

Virðingarfyllt

Ríkey Kjartansdóttir,
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir,
teymisstjóri